



Ráðhús Reykjavíkur  
Borgarráð

***Framhaldsfyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort börn hafi þurft að hætta á frístunaheimili vegna fjárhagsvanda.***

Á fundi borgarráðs þann 21. febrúar 2019 var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um hvort börn hafi þurft að hætta á frístundaheimilum vegna fjárhagsvanda:

Í ljósi þessa svars er spurt hvort þá megi álykta sem svo að enda þótt skuldin sé aldrei greidd verði barni örugglega aldrei vísað frá. Ef skuldin er aldrei greidd á tímabilinu sem barnið er í frístundinni verður hún þá felld niður eða mun koma að skuldadögum síðar og þá jafnvel eftir að barnið er hætt í frístund með öllu.

**Svar:**

Þrjár leiðir eru í boði til að afturkalla uppsögn á vistun í frístundaheimili:

1. Greiða skuldina upp
2. Semja um skuldina og greiða hana niður yfir einhvern tíma
3. Fara gegnum verklag VEL og SFS – tvær leiðir til að ljúka máli þar
  - a. Skuldari telst með greiðslugetu til að greiða skuld og gert samkomulag byggt á greiðslugetu
  - b. Skuldari telst ekki hafa bolmagn til að greiða skuld svo lögð er fram beiðni um afskrift vanskila sem lögð er fyrir afskriftarnefnd sem fundar tvisvar á ári. Komi samþykki frá nefndinni er skuldin endanlega afskrifuð og felld út úr innheimtu.


Í öllum tilfellum er það skuldarans að aðhafast eitthvað. Greiða, fara og semja um skuldina eða mæta til félagsráðgjafa og skila umbeðnum gögnum til að hægt sé að meta greiðslugetu og félagslega þætti.

Ef leið 3.b. er niðurstaðan þá er skuldin endanlega afskrifuð og verður ekki innheimt. Barni verður aldrei vísað frá vegna afskrifaðrar skuldar.

Að framansögðu er ljóst að það eru úrræði í boði sem gera barni kleift að vera áfram í vistun þrátt fyrir greiðslufall. Ef skuldari aðhefst ekkert þá mun barn þurfa að hætta í frístund en þá er það tilkomið vegna aðgerðaleysis skuldara en ekki að úrræði séu ekki í boði.

Séu úrræði ekki nýtt og skuld er til staðar er farið með þá skuld skv. innheimtureglum borgarinnar, fært í löginnheimtu þar sem gert er fjárnám, árangurslaust fjárnám o.s.f.v. sem leiðir af sér skráningu á vanskilalista Creditinfo á fyrningartíma krafna.

Virðingarfyllst

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Helgi Grímsson', with a long horizontal flourish extending to the right.

Helgi Grímsson

sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs